

**Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði**

Í Reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er fjallað um skilyrði fyrir því að umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði verði samþykkt á biðlista. Umsóknir eru metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, þar sem reiknuð eru stig fyrir hvern þátt í matsviðmiði. Viðkomandi þarf að vera metinn til ákveðið margra stiga til þess að vera samþykktur á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Með þessum reglum er Fylgiskjal 1: Matsviðmið varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði. Þetta fylgiskjal er notað við mat á umsækjendum um þjónustu sem þeir hafa rétt á að sækja til Reykjavíkurborgar, m.a. í áfrýjunarnefnd Velferðarráðs. Í skjalinu eru tölur sem stangast á við þær sem koma fram í fyrrnefndum reglum.

Undir 4. gr. d. liðar í reglunum er fjallað um tekjur og eignir umsækjenda: „Tekjumörk eru kr. 5.995.000 fyrir einstakling en kr. 8.394.000 fyrir hjón og sambúðarfolk. [...] Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.“ Þá kemur einnig fram að fjárhæðir séu endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Um þetta er fjallað á bls. 3 í reglunum.

Í fylgiskjali 1 með Reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er talan hins vegar öllu lægri: kr. 5.345.000.

Því er lagt til að skrifstofu fjármála og reksturs á velferðarsviði verði fengið að lagfæra tekjuviðmiðin í Matsviðmið varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, fylgiskjali 1 með Reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði til samræmis við það sem fram kemur í reglunum sjálfum í 4. gr., lið d.

**Greinargerð:**

Reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði má finna inni á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á svæði sem tekur saman reglur velferðarsviðs. Í reglunum kemur fram að síðasta breyting á samþykktum þeirra hafi átt sér stað á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 27. janúar 2022.

Ósamræmi er á milli tekjumarka í reglunum og í fylgiskjali 1 sem fylgir með reglunum og er notað til þess að meta stöðu umsækjenda. Samkvæmt reglum eru tekjumörk kr. 5.995.000 en slíkt endurspeglast ekki í fylgiskjali 1 sem ber heitið: Matsviðmið varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði.

Samkvæmt matsviðmiði eru engin stig veitt fyrir árstekjur yfir kr. 5.345.000, eitt stig fyrir árstekjur á bilinu kr. 3.474.251 til kr. 5.345.000 og tvö stig eru veitt vegna árstekna sem eru undir kr. 3.474.250. Þessar upphæðir þarf að uppfæra í takt við tekjumörk sem fjallað er um í reglunum. Skrifstofu fjármála og reksturs á velferðarsviði verði falið að gera eftirfarandi breytingar og heildarskoðun á tekjuviðmiðunum þannig að þær séu í takt við tekjumörk upp á kr. 5.995.000 fyrir einstakling.

Þegar reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði frá árinu 2019 eru skoðaðar má sjá að upphæðin kr. 5.345.000 er nefnd sem tekjumörk fyrir einstakling bæði í reglum og matsviðmiði. Þetta er sama tala og er nú í fylgiskjali 1 sem metur stöðu umsækjenda árið 2022. Það verður að gæta þess að fylgiskjöl uppfærast árlega í takt við breytingar sem gerðar eru í reglum.